

**Mál nr. 243/2012****M1 og M2  
og  
váttryggingafélagið X v/ stjórnendaábyrgðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum meints umboðsleysis framkvæmdastjóra við gerð hluthafasamninga.****Gögn.**

111. Málskot, móttækið 29.5.2012, ásamt fylgigögnum.

112. Bréf X, dags 15.6.2012, ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M (M1 og M2) gerðu hinn 2.4. og 23.4.2006 hluthafasamninga við fyrirtækið A) um kaup á tilteknum fjölda hluta A í dótturfélagi þess, B. Í samningunum voru valréttarákvæði sem heimiluðu M að selja hlutina á nánar tilgreindu gengi á árunum 2009, 2010 og 2011, fyrst 1.7.2009. D, framkvæmdastjóri A, undirritaði samningana fyrir hönd A. Með tilkynningu 17.6.2006 munu M hafa sent tilkynningu til A um að þeir hygðust nýta sér að fullu söluréttinn. Bú A var tekið til gjaldþrotaskipta 2.7.2009 og lýstu M kröfum í búið á grundvelli umræddra hluthafasamninga. Með dómi Hæstaréttar Íslands í nánar tilgreindu máli var komist að þeirri niðurstöðu að í fundargerðum stjórnar A sé ekki að finna bókun um að D hafi verið veitt umboð til að undirrita hluthafasamningana fyrir hönd A, en gerð þeirra hafi verið óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir í skilningi 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Til að D teldist hafa haft heimild til að gera slíkan samning verði að sýna fram á að stjórnin hafi, á þeim tíma sem um ræðir, falið honum umboð til þess. Síðari framburður fyrrverandi stjórnarformanns A í þá veru þótti ekki fullnægjandi. Þegar af þeirri ástæðu þótti ósannað að D hefði haft umboð til að gera téða samninga. Var þannig staðfest krafa skiptastjóra A um að hafna bæri kröfum M í búið.

Með því að D hafði ekki umboð til að gera umrædda hluthafasamninga hafa M krafist bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingu stjórnarmanna og yfirmanna A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Krafa M í máli þessu er reist á úrlausn Hæstaréttar í fyrrgreindu dómsmáli. Með dómi Hæstaréttar var leyst úr ágreiningsmálinu á þeirri forsendu að ekki þótti sannað að D hefði haft umboð til að undirrita hluthafasamninga þá sem hér um ræðir fyrir hönd A. Af forsendum dómsins einum saman þykir ekki unnt að fullyrða að D hafi ekki haft umboð stjórnar til að gera hluthafasamningana við M. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki talið að M eigi rétt til bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

M eiga ekki rétt á bótum úr stjórnendaábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.